



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn föstudaginn 15. mars 2024 á Goðalandi Fljótshlíð og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Setning aðalfundar, kosning starfsmanna fundarins og könnun á mætingu fulltrúa.
2. Skýrsla stjórnar félagsins.
3. Starfsemi félagsins á liðnu ári.
4. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skýrður.
5. Skýrsla skoðunarmanna.
6. Tillaga stjórnar um vexti af stofnsjóði og greiðslu arðs.
7. Umræður um skýrslu stjórnar, skýrslu um starfsemi félagsins, ársreikning og tillögu um vexti og arð af stofnsjóði.
8. Afgreiðsla ársreiknings og tillagna um vexti og arð af stofnsjóði.
9. Kosin stjórn félagsins.
10. Kosning endurskoðenda og skoðunarmanna.
11. Ákvörðun um þóknun stjórnar, skoðunarmanna og greiðslur til fulltrúa.
12. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skal hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykktu félagsins.

Liður 6 í dagskrá: Tillaga stjórnar um vexti af stofnsjóði og greiðslu arðs.

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. leggur til við aðalfund að greiddur verði 18,01% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af er verðbótaþáttur 8,01% skv. 1. mgr. 14. gr. samþykktu félagsins, alls kr. 36.020.000,- eða 0,1801 kr. á hvern útgefin hlut. Jafnframt að reiknaðir verði 10% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls kr. 39.475.730,- Arðleysisdagur er 18. mars og arðréttindadagur er 19. mars. Greiðsludagur arðs er 26. mars n.k.

Reykjavík, 15. febrúar 2024.

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.